

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Brúnavegur 13 – Hrafnista.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Laugaráss Hrafnistu vegna lóðarinnar nr. 13 við Brúnaveg. Í breytingunni felst nýr byggingarreitir fyrir tæknirými og loftræstisamstæðu vegna stækkunar á framleiðslueldhúsi Hrafnistu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hraunbær-Bæjarháls.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. desember 2018, breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarháls. Í breytingunni felst staðsetning lóðar- og byggingarreits fyrir dreifistöð rafmagns. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kirkjustétt 2-6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. desember 2018, breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 9 við Ármúla. Í breytingunni felst að notkun bakhússins verður breytt úr bilageymsluhúsi í bilageymsluhús/tæknirými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. desember 2018.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2018